

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 38 ? 13.09. 2004

Mánudaginn 13. september, árið 2004, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð

DAGSKRÁ:

1. Borun í Kýrholti, Friðfinnur Daníelsson mætir á fundinn.
 2. Fundur með fulltrúum Blönduósbæjar um hitaveitumál.
 3. Innbrot að Borgarteig 15.
 4. Önnur mál.
1. Sjóveita.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Friðfinnur Daníelsson frá Alvari ehf. mætti til viðræðna við veitustjórn um stöðu á borun við Kýrholt og gerði hann grein fyrir þeim vandamálum sem upp hafa komið að hans hálfu við borunina. Kom fram í máli hans að boruninni ljúki jafnvel ekki fyrr en á næsta ári. Veitustjórn leggur áherslu á að tíminn nú í haust og vetur verður nýttur eins vel og kostur er til áframhaldandi borunar.

2. Farið yfir þann fund sem veitustjórn ásamt Páli Pálssyni áttu með fulltrúum Blönduósbæjar um Hitaveitu Blönduós, að hálfu þeirra sátu fundinn Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri, Valgarður Hilmarsson, Valdimar Guðmannsson og Ágúst Þór Bragason sveitarstjórnarfulltúrar. Málinn rædd formlega og hugmyndir um samstarf ræddar. Páli og Jónu Fanney falið að vinna áfram að málinu. Í lok fundar var farið að skoða nýja fráveitu Blönduósbúa sem er mjög fullkomið mannvirki.

3. Gert grein fyrir innbroti að Borgarteigi 15, þann 18. ágúst sl. en þá höfðu tveir 17 ára piltar brotist inn og valdið tjóni á húsnæðinu, tekið skiptimynt og síðan stolið bifreið og skemmt hana allmikið. Í framhaldi af þessu máli var ákveðið á fá öryggiskerfi í húsið.

4. Önnur mál.

1. Búið að bora 5 holur eftir sjó fyrir Verið. Seltu magn í sjónum hefur ekki reynst nægjanlegt svo hægt verði að nýta hann.

Fundi slitið kl. 18.00